

## Tillögur að breytingum á samþykktum á ársfundi Stapa lífeyrissjóðs 9. maí 2018

Tillögur til breytinga á samþykktum Stapa lífeyrissjóðs sem lagðar verða til á ársfundi sjóðsins 9. maí 2018.

Í dálki lengst til vinstri eru núgildandi ákvæði.

Miðdálkur sýnir þær breytingar sem lagðar eru til (nýr texti sem inn kemur er litaður rauður en eldri texti er ~~yfirstrikaður~~). Í dálki lengst til hægri eru svo skýringar.

### Breytingar á greinum í eldri samþykktum eru eftirfarandi:

Eldri samþykktir	Tillögur til breytinga	Skýringar
18.1 Sjóðfélagi á aldrinum 60 til 75 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 17. grein, á rétt á ævilöngum eftirlaunum í samræmi við stöðu réttindasjóðs hans, skv. gr. 17.2 og töflu II í viðauka A, við töku eftirlaunanna. Við úrskurð skal miða við mánaðarleg gildi töflunnar. Við töku eftirlauna ráðstafar sjóðfélagi réttindasjóði sínum endanlega, sbr. þó ákvæði greinar 18.6.	18.1 Sjóðfélagi á aldrinum 60 til <b>80</b> <del>75</del> ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 17. grein, á rétt á ævilöngum eftirlaunum í samræmi við stöðu réttindasjóðs hans, skv. gr. 17.2 og töflu II í viðauka A, við töku eftirlaunanna. Við úrskurð skal miða við mánaðarleg gildi töflunnar. Við töku eftirlauna ráðstafar sjóðfélagi réttindasjóði sínum endanlega., sbr. þó ákvæði greinar 18.6.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verið að heimila frestun til allt að 80 ára.</li> </ul>
18.5 Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku eftirlauna í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta eftirlaunaréttinda sinna sbr. gr. 18.3. Sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna að hluta eða að fullu fyrir 67 ára aldur getur hætt tökunni og hafið hana á ný síðar og fer þá um úrskurð að nýju í samræmi við ákvæði greinar 18.1 að frádregnum þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur þegar nýtt með töku eftirlauna. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt	18.5 <del>Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku eftirlauna í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta eftirlaunaréttinda sinna sbr. gr. 18.3</del> Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku eftirlauna hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku á hálfum eftirlaunum hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta eftirlaunaréttinda sinna, sbr. grein 18.3.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hér er lagt til nýtt orðalag meginreglunnar í 1. mgr. greinar 18.5. sem er í samræmi við tillögu sem unnin var á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða. Tilgangurinn með nýju orðalagi er fyrst og fremst að tryggja samræmi við orðalag í</li> </ul>

<p>um töku eftirlauna í minnst 12 mánuði í senn.</p>	<p><del>Sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna að hluta eða að fullu fyrir 67 ára aldur getur hætt tökunni og hafið hana á ný síðar og fer þá um úrskurð að nýju í samræmi við ákvæði greinar 18.1 að frádregnum þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur þegar nýtt með töku eftirlauna. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku eftirlauna í minnst 12 mánuði í senn.</del></p> <p>Þrátt fyrir skilyrði greinar 18.6 um 67 ára aldur og 12 mánaða bindingu getur sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna við gildistöku þessa ákvæðis, með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið fram á hálf eftirlaun.</p>	<p>samþykktum annarra sjóða.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Stapi er einn fárra sjóða sem hefur heimilað töku hálf lífeyris í samþykktum sínum og þegar sú heimild var sett í samþykktir var einnig kveðið á um að sjóðfélagi sem byrjaði lífeyristöku fyrir 67 ára aldurs gæti hætt henni og hafi hana á ný síðar. Ekki þótti ástæða til að fella þessa heimild út úr samþykktum Stapa þó sambærilega heimild sé ekki að finna í samþykktum annarra sjóða. Hins vegar er lagt til að hún verði færð í nýja grein, 18.6. Núverandi greinar 18.6 og 18.7 verða greinar 18.7 og 18.8.</li><li>• Þá er bætt við bráðabirgðaákvæði sem gildir til 1. janúar 2020. Bráðabirgðaákvæðið er í samræmi við tillögur Landssamtaka lífeyrissjóða.</li><li>•</li></ul>
--	--	---

	<p>18.6. Sjóðfélagi sem hafið hefur töku eftirlauna að hluta eða að fullu fyrir 67 ára aldur getur hætt tókunni og hafið hana á ný síðar og fer þá um úrskurð að nýju í samræmi við ákvæði greinar 18.1 að frádregnum þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur þegar nýtt með töku eftirlauna. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku eftirlauna í minnst 12 mánuði í senn.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hér er verið er að færa hluta af núverandi grein 18.5 í sérstaka grein sem þýðir einnig að <b>greinar 18.6 og 18.7 verða 18.7 og 18.8.</b></li> </ul>
<p>25.5. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna, sem nema skal jafnvirði réttindasjóðs sjóðfélagans ef um eftirlaun er að ræða, af hendi í einu lagi. Ef um makalífeyri er að ræða þá greiðist hann í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingafræðings.</p>	<p>25.5. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna, sem nema skal jafnvirði réttindasjóðs sjóðfélagans ef um eftirlaun er að ræða, af hendi í einu lagi. Ef um <b>örorku- eða</b> makalífeyri er að ræða þá greiðist hann í einu lagi í samræmi við tillögur tryggingafræðings.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hér er verið að heimila að eingreiðslu örorkulífeyris ef réttindi samsvara mánaðargreiðslu sem er lægri en 2500 kr. Óeðlilegt þykir að leyfa ekki eingreiðslur í slíkum tilvikum rétt eins og þegar um eftirlaunaréttindi eða makalífeyrisréttindi er að ræða.</li> </ul>

TAFLA II Breyting á réttindasjóði í eftirlaun. Taflan sýnir hvernig hverjum 100.000 kr. í réttindasjóði er breytt í mánaðarleg eftirlaun miðað við aldur sjóðfélaga við töku eftirlauna. Við úrskurð á eftirlaunum skal miða við mánaðargildi. Mánaðargildi eru fundin með því að brúa línulega milli árgilda töflunnar.

Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun	Aldur	Eftirlaun
60	519	66	615	71	736	76	905
61	532	67	635	72	766	77	951
62	546	68	658	73	799	78	1001
63	562	69	682	74	835	79	1056
64	578	70	707	75	874	80	1117
65	596						